

Fundargerð Þjóðgarðsráðs Snæfellsjökulþjóðgarðs

13. fundur

Mánudagur 6.maí 2024, kl. 14:00 í fjarfundi.

Mættir: Anna Hallgrímsdóttir, Hákon Ásgeirsson, Inga Dóra Hrólfsdóttir, Kristinn Jónasson, Magnús Aðalsteinn Sigurðsson, Sigurður Guðjónsson og Þórður Runólfsson.

Fundargerð ritaði Rut Ragnarsdóttir, þjónustustjóri Snæfellsjökulþjóðgarðs

Síðasta fundargerð lög fram.

Samþykkt.

MaB umsókn

Ragnhildur Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Svæðisgarðs Snæfellsness kemur inn á fundinn og kynnir Man and Biosphere (MAB) umsókn sem er í vinnslu með það markmið að gera Snæfellsnes að fyrsta UNESCO Vistvangi á Íslandi.

Í hverjum Vistvangi þarf ákveðið kjarnasvæði sem verndað er samkvæmt náttúruverndarlögum en Snæfellsjökulþjóðgarður verður kjarnasvæði þessa Vistvangs. Viljayfirlýsing liggur fyrir frá sveitarfélögum fjórum á Snæfellsnesi og Snæfellsjökulþjóðgarði en ráðherra undirritaði viljayfirlýsingu fyrir umsókninni í ágúst 2022. Stýrihópur umsóknarinnar var skipaður í september 2023.

MAB er verkefni á vegum Sameinuðu þjóðanna og hefur verið í gangi frá árinu 1971. Það var sett á laggirnar til að samþætta verndun náttúrunnar og nýtingu hennar. Eru á afmörkuðu svæði sem búa yfir náttúruminum og vistkerfum sem hafa mikla sérstöðu og alþjóðlegt verndargildi.

Sýnt er á korti hvar kjarna-, athafna- og grenndarsvæði liggja. Kjarnasvæðið er unnið eftir stjórnar og verndaráætlun með verndun líffræðilegs fjölbreytileika sem leiðarstef. Í Snæfellsjökulþjóðgarði gilda sér reglur neðan við þjóðveginn við sjóinn vegna lífríkisverndar.

Opnir kynningarfundir hafa verið á verkefninu t.d. opið málþing í apríl 2023 og opinn fundur í október 2023, báðir þessir fundir voru teknir upp og eru aðgengilegir öllum á heimasíðu Svæðisgarðsins.

Við vinnu umsóknarinnar fengust 5.5 milljónir frá ráðuneytinu og verður haldin fundarröð um Snæfellsnes til frekari kynnar á verkefninu í júní. Áætlað er að senda inn umsókn í september 2024 og mun taka um ár að vinna úr umsókninni.

Þjóðgarðsráð list vel á þetta verkefni og tekur heilshugar undir framgang þess.

Dagverðará

Er jörð næst Þjóðgarðinum að austanverðu. Landið hefur verið á söluskrá lengi og hefur erindi frá skipulagsfulltrúa Snæfellsbæjar borist Þjóðgarðinum vegna breytingar á skipulagi og uppbygginu á landsvæðinu.

Svæðið er á náttúruminjaskrá og ríkið með forkaupsrétt. Svæðið er í hraunjaðrinum og búið er að greina náttúruverðmæti á svæðinu og við stofnun Þjóðgarðsins var lagt til að allt land Dagverðará færi undir Þjóðgarð í framtíðinni.

Dómsmál stendur yfir um um skiptingu landsins. Jörðin skipt upp í samræmi við eignahluta landeigenda. Hákon sendir inn minnisblað til ráðuneytisins til að vekja athygli á stöðunni og þessi skipulagsbreyting standi til.

Stækkun Þjóðgarðsins við Jökulháls

Rætt var um fyrirhugaða stækkun Þjóðgarðsins við Jökulháls. Svæðið þarfumsjón vegna mikillar bílaumferðar og utan vega aksturs. Einnig er þar Sönghellir sem er vinsæll áfangastaður ferðamanna og er það svæði undir miklu álagi.

Djúpalón

Þjóðgarðsvörður fundar vikulega með Vegagerðinni. Til stendur að klára lagfæringu á veginum niður að Djúpalóni. Samhliða lagfæringu á veginum verður farið í lagfæringu á bílastæðinu ofan við Djúpalónsand, en Þjóðgarðurinn hefur fengið vilyrði fyrir fjármagni í það verkefni. Stefnt er að því að hefja verkefnið maí/júní. Loka þarf fyrir bílaumferð niður að svæðinu tímabundið og verður það auglýst vel á miðlum. Þá er gönguleið opin frá nýja bílastæðinu upp við Þjóðveg og svæðið því ekki lokað að öllu. Salerni eru ekki tengd en verið er að bíða eftir pípara til að klára að tengja þau.

Sýning

Vinna við sýningu í Þjóðgarðsmiðstöð er í fullum gangi og er stefnt að því að opna sýninguna hátíðlega með haustinu.

Hleðslustöðvar

Umhverfisstofnun er að skoða útfærslur á rafhleðslustöðvum á bílastæðum við Gestastofur Snæfellsjökulsþjóðgarðs.

Frágangur í kringum byggingu Þjóðgarðsmiðstöðvar

Frágangur af fé til að klára útsvæði er ekki til staðar. FSRE og Umhverfisstofnun funduðu um það sem stendur út af og niðurstaða FSRE er að þau verkefni liggja hjá Umhverfisstofnun.

Fundi lokið kl. 15:00

Næsti fundur ákveðin 1.júlí kl. 14:00